




Reykjavík, 16. júní 2026
USK26040172

Leiruvegur 8 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Andra Ingólfssonar arkitekts slf., dags. 15. apríl 2026, um uppbyggingu á ferðaþjónustu bænda, annarsvegar íbúðar- og þjónustuhúsi fyrir ábúendur og hins vegar smáhýsum fyrir ferðamenn, samkvæmt fyrirspurnaruppdrætti Andra Ingólfssonar arkitekts slf., dags. 14. apríl 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Séð frá Vestri

Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er spildan á L1 landbúnaðarsvæði að mestu en teygir sig inn á AT5b athafnarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deili eða hverfisskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Umsögn

Leiruvegur 8 er landspilda á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og liggur nálægt Leirvogsánni. Leiruvegur 8 er ekki skráð lögbýli skv. lögbýlaskrá 2025. Landið er að mestum hluta á landbúnaðarlandi L1 og þar sem ekkert deiliskipulag er til fyrir það gilda ákvæði Aðalskipulags Reykjavíkur. Enginn ábúandi er á landinu eins og er.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um uppbyggingu ferðaþjónustu bænda þar sem um 20 hús allt að 50 fermetrar ásamt þjónustu/íbúðar og móttökuhúsi uppá 300-400 fermetra.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 stendur „Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda.“ Eins og fyrr segir er Leiruvegur 8 ekki skráð lögbýli og engin búskapur er á jörðinni. Einnig kemur fram að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi.

Skv. ofan greindu samræmist ferðaþjónusta bænda á Leiruvegi 8 ekki Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.



Niðurstaða

- Samræmist ekki Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir
verkefnastjóri